



Til bæjarráðs,

Kópavogi, 5. júní 2026
26033514/502.10 GEF

Efni: Vogatunga 27a. Beiðni um undanþágu frá kvöð vegna sölu á fasteign.

Undirritaðri hefur borist erindi, dags. 12. maí 2026, frá Hildi Sólveigu Pétursdóttur, lögmanni, f.h. Soffíu Bjarkar Smith kt. 110470-3719, þar sem óskað er eftir undanþágu frá kvöð í lóðarleigusamningi vegna sölu á fasteigninni að Vogatungu 27a. Samkvæmt gildandi lóðarleigusamningi er um að ræða íbúðir ætlaðar einstaklingum 60 ára og eldri og er kveðið á um að við endursölu íbúða skuli kaupendur hafa náð 60 ára aldri, nema til komi sérstakt skriflegt samþykki bæjarráðs hverju sinni.

Í mars 2026 óskaði Soffía um undanþágu frá aldurskvöð vegna fyrirhugaðra kaupa á sömu fasteign. Þegar sú beiðni var tekin til umfjöllunar í bæjarráði var fasteignin í eigu dánarbús foreldra hennar. Í erindinu var óskað eftir því að Soffíu yrði veitt undanþága frá aldurskvöðinni til að kaupa fasteignina. Þá var jafnframt tekið fram að fasteignin hafði verið sett í sölumeðferð, en án árangurs. Soffía er 56 ára gömul. Var beiðninni hafnað á fundi bæjarráðs 16. apríl 2026.

Eftir að fyrra erindi var lagt fyrir bæjarráð hafa erfingjar dánarbúsins leyst fasteignina til sín, þar sem framlengdur frestur til ljúka dánarbúskiptum var að renna út. Soffía er nú þinglýstur eigandi að 51,2% eignarhluta fasteignarinnar að Vogatungu 27a. Í þeirri beiðni sem nú liggur fyrir er óskað eftir heimild til handa Soffíu til að kaupa 48,8% eignarhluta systur sinnar í fasteigninni. Soffía hefur verið á leigumarkaði undanfarin ár og sér því tækifæri á að komast í eigið húsnæði með því að kaupa fasteignina sem áður var í eigu foreldra hennar frá árinu 2012.

Þá hefur Soffía nú afhent undirskriftarlista frá íbúum í aðliggjandi húsum þar sem fram kemur að þeir geri ekki athugasemdir við að henni verði veitt umbeðin undanþága frá aldurskvöð.

Bæjarráð hefur áður veitt undanþágur frá aldurskvöð. Algengari eru erindi frá hjónum þar sem annað hjóna hefur ekki náð tilsettum aldri. Í þremur tilvikum hafa verið veittar undanþágur fyrir einstaklinga, m.a. þar sem 4 ár vantaði upp á að kaupandi næði aldri. Í öðrum tilvikum hefur munurinn verið minni, þ.e. 10 mánuðir og eitt ár.

Með hliðsjón af fyrri fordæmum og með teknu tilliti til aðstæðna kaupanda er lagt til að veitt verði undanþága frá aldurskvöð vegna kaupa á fasteigninni að Vogatungu 27a.

Virðingarfyllt,

Guðrún Edda Finnbogadóttir

Skrifstofustjóri umhverfissviðs

